

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Framkvæmdarsjóð Þverárhrepps, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms-³⁸ 13. apríl og kirkjumálaráðherra 13. apríl 1927. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Framkvæmdarsjóð Þverárhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Framkvæmdarsjóður Þverárhrepps.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um fyrsta framkvæmdamann í jarðabótum í Þverárhreppi, Jóhann Einarsson fyr bónda á Kistu. Stofnaður af syni hans Jónasi Jóhannssyni á Kistu. Gefinn íbúum Þverárhrepps til æfinlegrar eignar.

3. gr.

Stofnfje sjóðsins er 1000 kr. — eitt þúsund krónur — í spari-sjóði Vestur-Húnavatnssýslu á Hvammstanga, og 400 kr. — fjögur hundruð krónur — í hlutabryfum Eimskipafjelags Íslands. Þannig alls kr. 1400 — eitt þúsund og fjögur hundruð krónur.

4. gr.

Stofnfje sjóðsins ásamt því, sem við hann er aukið með vöxtum, arði af hlutabryfum, gjöfum eða áheitum, má aldrei skerða, en verður að vera háð sömu ákvæðum sem skipulagsskráin mælir fyrir. Vextir af þessum 1000 kr. og 400 kr. hlutabryfum koma þó ekki til aukningar sjóðnum fyr en að gefanda látnum, en greiðist honum af stjórn sjóðsins þangað til, eins og þeir verða á hverjum tíma við áramót.

5. gr.

Fyrsta verkefni sjóðsins er að stuðla að því, með styrkveitingum og verðlaunum, að sveitin verði skógi prýdd til nytsemdar og fegurðarauka; skulu allar slíkar tilraunir gerðar með ráðum og eftir fyrir-sögn skógræðings Íslands. Hefir hann þá alla yfirstjórn skógræktarinnar, semur reglur fyrir framkvæmd hennar, sker úr, hvort halda skuli áfram tilraunum, sem virðast vafasamar, og segir fyrir, hvernig hafa skal vörslu, sem tryggileg sje fyrir ágangi búfjár. Er sjóðnum þó

38 ekki ætlað að styrkja til tilrauna annarsstaðar en þar, sem skógræktar-
 13. apríl stjóra sýnast líkur til verulegs árangurs. Byrji þó einhver annars-
 staðar og án styrks, ber stjórn sjóðsins að verðlauna það eigi óriflegar
 en nema mundi styrks til svipaðra tilrauna. Enda gangi þá verðlauna-
 þegi inn á sömu skuldbindingar til viðhalds, sem settar kunna að verða
 fyrir styrkveitingum. Aðallega er sjóðnum ætlað að styrkja og verð-
 launa skógrækt í úthaga, þar sem síst er líklegt, að tekið verði til
 annarar ræktunar.

6. gr.

Þegar höfuðstóll Framkvæmdarsjóðsins hefir náð þeirri upphæð,
 að $\frac{2}{3}$ hlutar ársvaxtanna nægi til fyrstu tilrauna, á nokkrum stöð-
 um, má byrja á styrkveitingum, og gefur þá stjórn sjóðsins hreppsú-
 um það til kynna. Má svo ekki um næstu áratugi rýra viðlög til sjóðs-
 ins meira en sem nemur þeim hluta vaxtanna. Til þess að auka sjóð-
 inn eftirkomendum til sem mestra nota, má ekki til loka tuttugustu og
 fyrstu aldar eyða meiru en $\frac{3}{5}$ ársvaxta, en leggja árlega $\frac{2}{3}$ við höfuð-
 stólinn, nema honum bætist aukning á annan hátt. Að liðnum þeim tíma
 úrskurðar yfirstjórn búnaðarmála Íslands, hversu stórt brot af vöxtum
 sjóðsins skuli leggja við höfuðstólinn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa hreppsnefndaroddviti Þverárhrepps og tveir
 menn aðrir, karlar eða konur, kosnir á almennum sveitafundi, til
 tveggja ára í senn. Eftir fyrsta árið gengur annar þeirra úr eftir hlut-
 kesti. Þó má endurkjósa. Oddviti er formaður stjórnarinnar. Hann sjer
 um að ávaxta sjóðinn þar, sem hann er vel trygður, og varðveiti við-
 skiftabók sjóðsins, verðbrjef og skjöl og hefir ábyrgð á því. Hann hefir
 á hendi reikningshald fyrir sjóðinn, og sendir sýslunefnd Vestur-Húna-
 vatnssýslu árlega reikninginn fyrir lok janúarmánaðar til endurskoð-
 unarsamþykktar. Sýslunefndinni ber einnig að hafa eftirlit með, að
 sjóðurinn sje í tryggilegri geymslu.

8. gr.

Þegar sjóðurinn hefir lokið upphaflegu ætlunarverki, eða til-
 raunir sýna, að skógrækt hjer getur ekki svarað kostnaði, eða skóg-
 fræðingur telur skógrækt hjer ekki framkvæmanlega til nytsemdar.
 Mega hreppsúar þá nota vexti sjóðsins, semkvæmt því sem að framan
 er sagt (6. gr.), til styrktar hverskonar framkvæmdum innanhrepps
 sem meiriháttar fjármagn þarf til, og álist að geti aukið hagsæld
 sveitarinnar, svo sem samgöngubóta, rafyrkju og mentunar, sjerstak-

lega í búvísindum, húsdýra- og gróðurækt nytjajurta til fóðrunar og manneldis. 38
13. apríl

Hverskonar ágreiningi, sem rísa kann milli hreppsþúa sjóðnum viðkomandi, ber stjórn sjóðsins að vísa til yfirstjórnar búnaðarmála Íslands, til endanlegs úrskurðar.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Kistu, 16. febr. 1927.

Jónas Jóhannsson.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Minningar- sjóð Torfa Bjarnasonar, skólastjóra í Ólafsdal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms og kirkjumálaráðherra 19. apríl 1927. Skipulagsskráin er þannig: 39
19. apríl

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Torfa Bjarnasonar skólastjóra í Ólafsdal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Torfa Bjarnasonar, skólastjóra í Ólafsdal.

2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, þannig, að allir vextir leggist við höfuðstólinn og eins það, er kynni að verða bætt við hann (höfuðstólinn), þar til ársvextir hans eru orðnir 350 — þrjú hundruð og fimtíu — krónur. Þá falla til útborgunar 300 — þrjú hundruð — krónur, er gjaldkeri Búnaðarfelags Íslands veitir móttöku.

Aldrei má minna leggjast við höfuðstólinn en 50 krónur af ársvöxtunum, en til útborgunar falli aðeins það af þeim, sem nær heilum hundruðum.

3. gr.

Búnaðarfelag Íslands hefir alla stjórn sjóðsins, geymir öll skjöl hans, svo sem skipulagsskrá þessa, viðskiftabók Söfnunarsjóðsins og